

# Pungun án staðsetningar

## Upplýsingarit fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra


Þetta fræðsluefni fjallar um þungun án staðsetningar, einkenni, greiningu og meðferð.

### Almennt um þungun án staðsetningar

Þegar þungunarpróf er jákvætt en ekki sjást neinar vísbendingar um hvar þungunin er staðsett við sónar skoðun er talað um þungun án staðsetningar. Þungunin er staðreynd en ekki er enn ljóst hvort um eðlilega þungun er að ræða, utanlegspungun eða fósturlát.

### Einkenni

Oftast eru engin einkenni. Í eðlilegri þungun getur verið eðlilegt að það blæði lítillega með vægum túrverkjum. Ef blæðing er ríkuleg gæti verið um fósturlát að ræða. Kviðverkir geta bent til þess að um utanlegspungun sé að ræða. Ef ný einkenni koma fram meðan á greiningarferli stendur er rétt að hafa samband við kvennadeild.



### Greining

Gengið er úr skugga um að um þungun sé að ræða með þvagprufu þar sem meðgöngu-hormónið/þungunarhormónið s- hCG er mælt. Sónar skoðun um leggöng er framkvæmd og ef það finnast engin merki um þungunina er tekin blóðprufa. Þungunarhormónið (s- hCG) er mælt í blóði og mælingin endurtekin 48-72 klst. síðar til að sjá hvort það hækkar eðlilega. Þegar niðurstöður liggja fyrir er tekin ákvörðun um næstu skoðun. Í eðlilegri þungun ætti þungunarhormónið að tvöfaldast á 48 klst. Ef um fósturlát er að ræða lækkar þungunarhormónið yfirleitt hratt. Ef hækkun er hægt getur það þýtt að um fósturlát sé að

ræða eða utanlegspungun. Blóðprufan ein og sér getur ekki sagt til um staðsetningu þungunarinnar en hún hjálpar til við eftirfylgni. Stundum þarf að endurtaka blóðprufur nokkrum sinnum til að fá greiningu. Oftast vinnur tíminn með manni þegar greiningin er óljós. Þessi tími í óvissu getur verið konum erfiður og það getur verið erfitt að fá engin svör strax.

### **Þarf ég að vera frá vinnu/skóla meðan á greiningarferli stendur?**

Meðan á greiningarferli stendur er óhætt að stunda vinnu/skóla eins og áður ef líðan er góð.

### **Ástæða er til að hringja á deild ef:**

- Það blæðir svo mikið að það fylli stórt bindi (næturbindi eða sambærileg) á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Nýrra verkja í kvið verður vart.
- Verkir sem svara ekki verkjalyfjum.
- Hiti er yfir (38°C).

### **Hafa samband:**

Móttökudeild kvenlækninga sími: 543-3224 virka daga milli kl. 08-16.

Utan þess tíma má hafa samband við kvenlækningadeild 21A í gegnum skiptiborð Landspítala í síma 543-1000. Ef um brátt ástand er að ræða skaltu hringja í 112.

Starfsfólk kvenlækningadeildar



---

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

---

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI  
KVENLÆKNINGADEILD 21A  
MARS 2018  
LSH- 1557

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,  
DEILDARSTJÓRI 21A

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD